



Reykjavík, 15. október 2014

Félags- og húsnæðismálaráðherra,

Eygló Harðardóttir,
Velferðarráðuneytinu
150 Reykjavík

Vísað er til afsagnar Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur úr stjórn Íbúðalánasjóðs 19. september sl. og óskar ráðuneytisins um tilnefningu nýs fulltrúa Samfylkingarinnar í stjórn sjóðsins í hennar stað.

Í afsagnarbréfinu segir meðal annars:

„Á þeim tíma sem ég hef setið í stjórn ÍLS hef ég upplifað það að stjórnin er á engan hátt stefnumarkandi í stórum málum sem snerta framtíð Íbúðalánasjóðs. Þá hafa ákvarðanir verið teknir um starfsemi sjóðsins án aðkomu stjórnar. Stórar ákvarðanir og raunveruleg stefnumörkun fer því fram annars staðar en á vettvangi stjórnar. Á sama tíma hvílir mikil ábyrgð á stjórnarmönnum ÍLS án þess að þeir komi í reynd að ýmsum stefnumarkandi ákvörðunum. Ábyrgð stjórnarfólks í fjármálastofnunum er mikil og stjórnun sjóðsins ekki í samræmi við góða stjórnarhætti eins og þeir birtast m.a. í leiðbeiningum Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands.... Ég vil taka það skýrt fram að með þessu er ég ekki að gagnrýna það að lýðræðislega kjörin stjórnvöld hafi áhrif á eða taki jafnvel ákvarðanir um málefni Íbúðalánasjóðs. Það gengur hins vegar ekki að hafa slík áhrif og ákvarðanatöku á einum stað en ábyrgðina annars staðar.“

Af bréfinu má ráða að ábyrgð og stjórnunarvald fari ekki saman í stjórn sjóðsins með þeim hætti sem lög kalla á. Lengi hefur legið fyrir í opinberri umræðu að rekstur sjóðsins standi að óbreyttu ekki undir sér og að frekari fjárframlög muni þurfa úr ríkissjóði til sjóðsins. Engin stefna hefur samt verið birt af hálfu stjórnvalda um starfsumgjörð sjóðsins til lengri tíma eða fjárframlög til hans í nánustu framtíð.

Stjórnarmenn í sjóðnum lúta ríkri ábyrgð og bera, sem stjórnarmenn í fjármálafyrirtæki, persónulega fébótaábyrgð á rekstri sjóðsins. Augljóst er að illa fer saman að gera svo ríka ábyrgð til stjórnarmanna, en fela þeim ekki um leið úrslitavald um rekstur sjóðsins.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON


AUSTURSTRÆTI 14 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 563 0500 · FAX: 563 0730

Með nokkurri einföldun má segja að ábyrgðin sé öll hjá stjórnarmönnum en engin hjá ráðherra, sem þó hefur víðtækar heimildir til að stjórna rekstrarumgjörð sjóðsins og hefur, ólíkt stjórnarmönnum, tök á að tryggja rétt fjárframlög úr ríkissjóði til að standa undir rekstrinum. Það er ekki boðleg stjórnsýsla að ætla stjórnarmönnum á eigin ábyrgð að reka fjármálastofnun í ríkiseigu með tapi, án fullnægjandi fjárframlaga úr ríkissjóði.

Í ljósi þessa óska ég eftir upplýsingum frá ráðherra um það með hvaða hætti ráðherra hyggist bregðast við þeim athugasemdum sem fram eru færðar í afsagnarbréfinu. Upplýsingar um úrbætur eru nauðsynleg forsenda tilnefningar nýs fulltrúa af hálfu Samfylkingarinnar í stjórn ÍLS, enda ófært að setja nýjan stjórnarmann í sömu stöðu og Steinunn Valdís Óskarsdóttir lýsir í bréfi sínu.

Virðingarfyllst,



Árni Páll Arnason

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

AUSTURSTRÆTI 14 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 563 0500 · FAX: 563 0730